

BRÁÐABIRGÐALÖG

72

23. sept.

um breyting á lögum nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að undanfarið hafi verið unnið að samningagerð á milli ríkisstjórnarinnar og bæjarstjórnar Reykjavíkur um, að Sogsvirkjunin verði sameign ríkissjóðs og Reykjavíkurbæjar, og hafi náðst samkomulag meðal annars um eignarhlutföll í fyrirtækinu og það, að skipun stjórnar Sogsvirkjunarinnar verði með öðrum hætti en ákveðið er í 8. gr. laga nr. 28 23. apríl 1946, og beri því brýna nauðsyn til þess að breyta ákvæðum 8. gr. téðra laga þannig, að þau samrýmist ákvæðum samnings-frumvarpsins, um skipun stjórnarinnar, svo að unnt verði að staðfesta samningsfrumvarpið.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

8. gr. laga nr. 28 23. apríl 1946 orðist svo:

Stjórn Sogsvirkjunarinnar skipa 5 menn.

Þar til ríkissjóður er orðinn meðeigandi að helmingi Sogsvirkjunarinnar, tilnefnir bæjarstjórn Reykjavíkur 3 menn í stjórnina, en ríkisstjórnin 2.

Þegar ríkissjóður er orðinn eigandi að hálfu fyrirtækinu, tilnefnir bæjarstjórnin 2 menn í stjórnina, ríkisstjórnin 2, en hæstiréttur tilnefnir þá fimmta manninn.

Stjórnin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur fyrirtækisins skulu þá sett með reglugerð, er ráðherra staðfestir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. september 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

FORSETABRÉF

73

23. sept.

um að reglulegt Alþingi 1948 skuli koma saman til fundar
mánudaginn 11. okt. 1948.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1948 skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. október n. k.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Ritað í Reykjavík, 23. september 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson,